



Reglur fyrir starfsmenn leikskóla Kópavogs varðandi styrki til náms í leikskólakennarafræðum

Á fundi bæjarstjórnar 13. maí 2014 voru samþykktar tillögur sem miða að því að fjölga leikskólakennurum í leikskólum Kópavogs.

1. gr. Markmið

Markmið námstengdra styrkja er að fjölga leikskólakennurum í leikskólum Kópavogs. Jafnframt að hækka hlutfall fagmenntaðra starfsmanna í þeim tilgangi að efla faglegt starf og auka stöðugleika í starfsmannahaldi í leikskólum Kópavogs.

Kópavogsbær veitir styrki til náms í leikskólakennarafræðum í formi launaðs leyfis, viðbótarstarfshlutfalls, launa vegna mætinga í staðbundinn hluta fjarnáms og verknáms og styrks til greiðslu skólagjalda, allt eftir tegund náms og aðstæðum.

2. gr. Umsóknarhæfi

Starfsmaður skal hafa að lágmarki þriggja mánaða starfsreynslu í leikskóla sem rekinn er af Kópavogsbæ og vera í a.m.k. 25% starfi. Starfsmaður þarf að sækja um styrk til náms í samvinnu við leikskólastjóra og hafa meðmæli hans. Eftirfarandi starfsmenn í leikskólum sem reknir eru af Kópavogsbæ geta sótt um styrk:

- Starfsmenn sem hafa áhuga á að fara í leikskólakennaranám.
- Háskólamenntaðir starfsmenn sem vilja bæta við sig námi til að fá leyfisbréf leikskólakennara.
- Leikskólakennarar með eldra próf sem vilja bæta við sig B.Ed. gráðu í leikskólakennarafræðum.
- Leikskólakennarar sem óska eftir að fara í meistaranám í leikskólafræðum eða stjórnun menntastofnana.
- Starfsmenn sem hyggjast sækja diplómanám til aðstoðarleikskólakennara.
- Starfsmenn í leikskólabró FG eða sambærilegu námi.

3. gr. Starfsmenn í leikskólakennaranámi.

Starfsmenn í fjarnámi/staðnámi í leikskólakennaranámi geta tekið launað leyfi í allt að sjö vikur eða 35 virka daga á ári í allt að sjö ár vegna námsins.

Jafnframt fá starfsmenn 5% viðbótarstarfshlutfall á námstíma, að því gefnu að starfsmenn séu í hlutastarfi með námi, þ.e. ef starfsmaður er í 50% starfi þá fær hann 55% laun meðan á náminu stendur á þeim forsendum að gera má auknar faglegar kröfur til viðkomandi.

Starfsmenn geta einnig sótt um styrk fyrir skólagjöldum og námsbókum.

Fjárveiting til leikskóla vegna þessa er 0,125 stöðugildi á hvern nema í 100% starfi.

4. gr.

Háskólamenntaðir starfsmenn sem hyggjast bæta við sig námi til þess að fá leyfisbréf leikskólakennara.

Háskólamenntaðir starfsmenn í leikskólum Kópavogs sem vilja bæta við sig menntun til að öðlast réttindi sem leikskólakennarar geta tekið launað leyfi í allt að sjö vikur eða 35 virka daga á ári vegna mætinga í staðbundinn hluta námsins og í verknám í allt að tvö ár.

Starfsmenn geta einnig sótt um styrk fyrir skólagjöldum og námsbókum.

Fjárveiting til leikskóla vegna þessa er 0,125 stg. á hvern nema í 100% starfi.

5. gr.

Leikskólakennarar með eldra próf sem vilja bæta við sig B.Ed. gráðu í leikskólafræðum

Leikskólakennarar með eldra leikskólakennarapróf, sem vilja bæta við sig 15 eininga námi til B.Ed. gráðu í fjarnámi við HÍ eða HA geta haldið launum vegna mætinga í staðbundinn hluta námsins í allt að fjórar vikur.

Fjárveiting til leikskóla vegna þessa samsvarar einum mánaðarlaunum grunnlauna viðkomandi starfsmanns.

6. gr.

Leikskólakennarar sem óska eftir að fara í meistaranám í leikskólafræðum eða stjórnun menntastofnana.

Leikskólakennarar sem óska eftir að fara í meistaranám í leikskólafræðum eða stjórnun menntastofnana geta tekið launað leyfi í allt að sjö vikur eða 35 virka daga á ári í allt að tvö ár vegna mætinga í staðbundinn hluta námsins. Þeir eiga einnig kost á því að sækja um launað námsleyfi sbr. reglur Kópavogsbæjar um launuð námsleyfi, samþykktar í bæjarráði Kópavogs 8. desember 2011. Þeir geta þó ekki notið hvoru tveggja.

Fjárveiting til leikskóla vegna þessa er 0,125 stg á hvern nema í 100% starfi. Sé viðkomandi í launuðu námsleyfi er ráðinn starfsmaður fyrir hann.

7. gr.

Starfsmenn sem hyggjast sækja diplómanám til aðstoðarleikskólakennara.

Starfsmenn sem hyggjast sækja diplómanám til aðstoðarleikskólakennara geta tekið launað leyfi í allt að sjö vikur eða 35 virka daga á ári vegna mætinga í staðbundinn hluta námsins og í verknám í allt að þrjú ár. Jafnframt fær starfsmaður 5% viðbótarstarfshlutfall á námstíma, að því gefnu að hann sé í hlutastarfi með námi, þ.e. ef nemandi er í 50% starfi þá fær hann 55% laun meðan á náminu stendur á þeim forsendum að gera má auknar faglegar kröfur til viðkomandi.

Starfsmenn geta einnig sótt um styrk fyrir skólagjöldum og námsbókum.

Fjárveiting til leikskóla vegna þessa er 0,125 stg á hvern nema í 100% starfi.

8. gr.

Starfsmenn í leikskólabrú FG eða sambærilegu námi.

Greidd eru skólagjöld fyrir starfsmenn sem stunda nám í leikskólabrú FG, eða sambærilegu viðbótarnámi til leikskólaliða. Námið er utan vinnutíma.

9. gr. Umsóknarferli

Umsóknir um námstengda styrki skulu berast deildarstjóra leikskóladeildar fyrir 1. júlí ár hvert. Umsókn skal skilað á viðeigandi eyðublaði til leikskóladeildar.

Þegar umsókn hefur verið samþykkt er gengið frá samningi við viðkomandi starfsmann. Við undirritun samnings þarf að liggja fyrir vottorð frá viðkomandi háskóla til staðfestingar á námsvist.

Styrk fyrir skólagjöldum og námsbókum geta þeir sótt um sem falla undir 3., 4. og 7. gr. reglnanna. Styrkurinn nemur að hámarki 100.000 kr. á skólaári og er greiddur við undirritun samnings.

Kópavogsbær áskilur sér rétt til að hafna umsóknum um námsstyrk á forsendum stuttrar starfsreynslu, ófullnægjandi námsframvindu og/eða umsagna leikskólastjóra.

Umsóknir eru afgreiddar fyrir 1. september ár hvert.

10. gr. Skilyrði fyrir styrkveitingu

Þeir starfsmenn sem samþykktir hafa verið í launað námsleyfi njóta ekki jafnframt styrks á grundvelli þessara reglna.

Allir þeir sem njóta styrks samkvæmt reglum þessum eru skuldbundnir til að starfa við leikskóla Kópavogs í að minnsta kosti tvö ár að námi loknu í að lágmarki 50% stöðuhlutfalli. Þetta gildir þó ekki um þá sem njóta styrks á grundvelli 8.gr. reglnanna. Ef starfsmaður sem fengið hefur styrki og lætur af störfum hjá leikskólum Kópavogs innan þessara tveggja ára þarf viðkomandi að endurgreiða kostnað vegna námsstyrkjanna innan tveggja ára.

Taki starfsmaður fæðingarorlof eða launalaust leyfi, teljast þeir ekki vera starfandi, í skilningi ákvæðis þessa, á meðan á leyfinu stendur.

11. gr Endurnýjun styrkja

Umsóknir um námstengda styrki og samninga þarf að endurnýja á hverju ári, þar með talda styrki fyrir skólagjöldum.

Starfsmenn þurfa að ljúka lágmarkskröfum um námsframvindu viðkomandi háskóla, miðað við hálf ták, eða sem samsvarar 30 einingum á hverju skólaári til að umsókn verði endurnýjuð milli ára. Skila þarf staðfestingu frá háskóla þess efnis.

Samþykkt í leikskólanefnd Kópavogs 10. des 2015